Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 - Ísafjörður

Skoðunarskýrsla #6680
Eftirfylgniskoðun
FE-1161_DYR-00030

Eftirlit framkvæmt 04/11/2026 og skýrsla send 05/11/2026
Gemlufall

Samantekt

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir framkvæmdu boðað eftirfylgnieftirlit 4. og 5. nóvember 2026, vegna frávika í eftirlitsskýrslu stofnunarinnar dags. 24. ágúst 2026.

Í fyrrnefndri eftirlitsskýrslu voru þrjú frávik er vörðuðu aðgengisstýringu, lyfjaskráningu og fóðurgeymslu og eitt alvarlegt frávik sem varðaði búningsaðstöðu og fatnað.

Óskað var eftir gögnum frá eftirlitsþega með tölvupósti þann 26. október 2026. Gögnin bárust 3. nóvember 2026 og voru þau yfirfarin á skrifstofu.

Að eftirfylgnieftirliti loknu er ljóst að eftirlitsþegi hefur lagfært eitt frávik en tvö frávik sem og eitt alvarlegt frávik standa áfram í eftirlitsskýrslu þessari.

Matvælastofnun hefur undir höndum upplýsingar um að umrætt eldissvæði verði tæmt á næstu vikum. Í ljósi þessa fer Matvælastofnun fram á það við eftirlitsþega að úrbótum verði að fullu lokið áður en fiskur verður aftur fluttur á eldissvæðið.

Alvarleg frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður	Næsta skoðun

Frávik	Úrbótafrestur
Dýravelferð- og smitvarnir - Aðgengisstýring	**Lagfært**
Dýravelferð- og smitvarnir - Fóðurgeymsla	Næsta skoðun
Dýravelferð- og smitvarnir - Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning	Næsta skoðun

Viðstödd heimsókn	Arctic Sea Farm ehf.	**Undirbúningur**	30 mín.
Kennitala viðtakenda	700807-0450	**Frágangur**	1 klst.
Skoðunarmaður	Magnús Ingi Jónsson	**Tímar við úttekt**	3 klst. og 30 mín.
Tölvupóstur	mast@mast.is	**Akstur**	0 klst.

Lagfært

Dýravelferð- og smitvarnir
Aðgengisstýring

Eldra frávik í eftirlitsskýrslu dags. 24.08.2026.

Í viðauka 1, hluta 3, lið 3a. í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnar evrópusambandsins nr. 2020/691 kemur fram að: "Mörk fiskeldisstöðva verða að vera skýrt afmörkuð og aðgengi manna að aðstöðu fyrir dýr verður að vera stjórnað". Í viðauka 1, hluta 1, lið 1a(i) í sömu reglugerð kemur einnig fram að a) "Sótthreinsunarstöðvar skulu vera settar upp á mikilvægum stöðum í fiskeldisstöðinni".

Ekki voru til staðar sýnileg sótthreinsiskilti né aðstaða til handþvottar og sótthreinsunar við innganga búningsaðstöðu, starfsmannaaðstöðu í Bola og fóðurgeymslu og því skráist frávik á þennan hátt..

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir upplýsingum um að merkingar séu til staðar um að fylgja þurfi smitvörnum við búningsaðstöðu og fóðurgeymslu og staðfestingum á því að búið sé að setja upp skilti sem takmarkar aðgengi að búningsaðstöðunni.

Gögn bárust sem staðfesta að sett hafa verið upp skilti sem takmarka aðgengi að búningsaðstöðu og lögð áhersla á að fylgja þurfi smitvörnum. Frávikið telst því lagfært.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Alvarlegt frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Búningsaðstaða og fatnaður

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eldra frávik í eftirlitsskýrslu dags. 24.08.2026:

Í 2., 3. og 4. málsgreinum 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018 kemur fram að: "Eldisstöðvar skulu hannaðar með þeim hætti og þannig viðhaldið að auðvelt sé að þrífa þær og sótthreinsa reglulega. Sama gildir um ganga og vistarverur starfsfólks. Gæta skal þess að á athafnasvæði eldisstöðvar séu ekki hlutir sem auka á hættu á sjúkdómum eða valda óþrifnaði. Í eldisstöðvum skulu vera búningsklefar þar sem starfsfólk, þjónustuaðilar og gestir geta skipt um hlífðarfatnað og skóbúnað. Gestum og eftirlitsaðilum skal afhentur hlífðar- og skófatnaður til notkunar í klak- og eldisrými eldisstöðvar. Þar skal og vera hreinlætisaðstaða. Hlífðar- og skófatnaður sem starfsmenn eldisstöðva nota í stöðinni skal ekki notaður utan hennar. Gólf í eldisstöðvum skulu sótthreinsuð minnst vikulega."

Starfsmenn Matvælastofnunar óskuðu eftir því að fá að sjá þrifaáætlun og þrifaskráningu á búningsaðstöðu sem og þrifaáætlun fyrir fatnað til þess að geta staðfest að þrif og sótthreinsun fari fram. Eftirlitsþegi gat ekki framvísað gögnunum.

Búningsaðstaða á Þingeyrarhöfn uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru í 15. gr. reglugerðar um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum nr 300/2018. Búningsaðstaðan sem eftirlitsmönnum var sýnd er bæði notuð fyrir Gemlufall og Haukadalsbót en samkvæmt 15 gr. fyrrnefndrar reglugerðar skulu búningsklefar vera í hverri eldisstöð. Einungis ein hurð er á gámnum og flæði í gegnum búningsaðstöðu því ekki skýrt, aðstaða til handþvottar og sótthreinsunar var ekki til staðar, né lögð áhersla á að sótthreinsun sé fylgt eftir. Engin afmörkun er milli hreins og óhreins svæðis auk þess sem hreinlætisaðstaða er ekki til staðar.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir þrifaáætlun og þrifaskráningum fyrir búningsaðstöðu og þrifaáætlun fyrir fatnað. Einnig er óskað eftir staðfestingu á því að búningsaðstaðan sé ekki nýtt fyrir fleiri en eitt sjókvíaeldissvæði, að flæði í gegnum búningsaðstöðu sé skýrt og aðgreint sé milli hreins og óhreins svæðis sem og staðfestingu á því að hreinlætisaðstaða og aðstaða til handþvottar og sótthreinsunar sé til staðar í búningsaðstöðu.

Þrifáætlun fyrir búningsaðstöðu barst Matvælastofnun og telst hún fullnægjandi. Þrifaskráningum fyrir búningsaðstöðu er hinsvegar ábótavant þar sem Matvælastofnun getur ekki staðfest að starfsmenn fylli það út eftir hver þrif eins og hreinlætisáætlun segir til um.

Verklagsreglan "Notkun vinnufatnaðar og aðskilnaður hreinna og skítugra fata" barst Matvælastofnun en telst ekki vera fullnægjandi þar sem ekki kemur fram hvar fatnaður er þrifinn, tíðni þrifa og skráningar eins og kveðið er á um í undirkaflanum verklagsreglur í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Staðfesting barst í tölvupósti að unnið er áfram með sömu gáma og verið hafa og tímafrekt er að uppfæra aðstöðuna svo hún standist kröfur. Aðstaðan fyrir Gemlufall er tímabundið um borð í þjónustubátnum.

Búningsaðstaðan á Þingeyrarhöfn uppfyllir ekki þær kröfur sem eru gerðar, Verklagsreglan um notkun vinnufatnaðar og aðskilnað hreinna og skítugra fata er ekki fullnægjandi og þrifaskráningar ekki í samræmi við hreinlætisáætlun. Stendur því alvarlegt frávik áfram.

Matvælastofnun hefur undir höndum upplýsingar um að umrætt eldissvæði verði tæmt á næstu vikum. Í ljósi þessa fer Matvælastofnun fram á það við eftirlitsþega að úrbótum verði að fullu lokið áður en fiskur verður aftur fluttur á eldissvæðið.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Fóðurgeymsla

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eldra frávik í skýrslu frá 24.08.2026:

15 gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum segir að "Fóðurgeymslur og fóðureldhús skulu vera aðskilin frá öðrum hlutum eldisstöðvar og vera með sérinngangi, þar sem taka skal inn fóður og hráefni. Við móttöku fóðurs og annarra aðfanga skal gæta að smitvörnum og meindýravörnum. Fóðurgeymsla og aðgengi að henni skal vera hreint og þurrt og tryggt að fóður mengist ekki, þannig að eldisdýrum geti stafað smithætta af. Fóðurbúnaður skal þannig útbúinn, uppsettur og viðhaldið að hætta á mengun sé í lágmarki."

Ekki voru til staðar merkingar sem fóru fram á sótthreinsun í fóðurgeymslu.

Engin aðstaða var til handsótthreinsunar né fótabaðs við aðkomu að fóðurgeymslu.

Ljóst er einnig að meindýravörnum er ábótavant í fóðurgeymslu þar sem gildrur voru ekki sjáanlegar við inn og útganga húsnæðisins. Í verklagi um meindýravarnir fyrir fóðurgeymslu, sem eftirlitsmenn fengu afhent eftir eftirlitið, er til staðar yfirlitsmynd um hvar gildrur eiga að vera staðsettar og geta eftirlitsmenn staðfest að í það minnsta fjórar þeirra voru ekki á sínum stað.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir staðfestingum á að til staðar séu merkingar sem að fara fram á sótthreinsun við inngang að fóðurgeymslu, að til staðar sé aðstaða til sótthreinsunar við inngang að fóðurgeymslu og staðfestingu og á því að gildrur fyrir meindýr í fóðurgeymslu séu staðsettar á réttum stöðum skv. verklagi þar um.

Myndir bárust til staðfestingar á því að aðstaða til sótthreinsunar handa og fótabað eru til staðar beggja vegna fóðurgeymslu og metur Matvælastofnun það vera fullnægjandi. Ekki bárust gögn er varða staðfestingu á gildrum fyrir meindýr svo ekki er hægt að loka frávikinu. Frávikið stendur því enn.

Matvælastofnun hefur undir höndum upplýsingar um að umrætt eldissvæði verði tæmt á næstu vikum. Í ljósi þessa fer Matvælastofnun fram á það við eftirlitsþega að úrbótum verði að fullu lokið áður en fiskur verður aftur fluttur á eldissvæðið.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Frávik

Dýravelferð- og smitvarnir
Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning

Frestur til úrbóta: Næsta skoðun

Eldra frávik í eftirlitsskýrslu dags. 24.08.2026:

Í 6. gr. reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að eftirlitsþega sé skilt að skrá alla lyfjanotkun.

Sæfilyf voru geymd í læsanlegum skáp en skráningar á notkun sæfilyfs hafa ekki verið skráðar.

Skráning í eftirfylgnieftirliti:

Matvælastofnun kallaði eftir staðfestingu á því að skráningar fyrir lyfjanotkun séu til staðar. Gögn bárust en ljóst er af því að sæfingalyf virðist ekki vera skráð daglega og er því ekki í samræmi við dagbókarfærslur þar sem fram kemur fjöldi sveimara og dauðfisks. Frávikið stendur því enn.

Matvælastofnun hefur undir höndum upplýsingar um að umrætt eldissvæði verði tæmt á næstu vikum. Í ljósi þessa fer Matvælastofnun fram á það við eftirlitsþega að úrbótum verði að fullu lokið áður en fiskur verður aftur fluttur á eldissvæðið.

Lög um fiskeldi nr. 71/2008, lög um velferð dýra nr. 55/2013 og afleiddar reglugerðir.

Niðurlag

Þann 04/11/2026 fór fram eftirfylgniskoðun og var skýrsla send viðtakanda 05/11/2026. Gerðar eru kröfur um úrbætur á 3 skoðunaratriðum, þar af 1 alvarlegt frávik og 2 frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Nánari útlistun á skoðunaratriðum má finna í **eftirlitshandbókum** Matvælastofnunar.

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirliggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri athugasemdum við innihald hennar. Athugasemdir berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2024. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Lagagrunnur eftirlits

Eftirfarandi atriði voru skoðuð:

Dýravelferð- og smitvarnir - Aðgengisstýring

Dýravelferð- og smitvarnir - Búningsaðstaða og fatnaður

Dýravelferð- og smitvarnir - Fóðurgeymsla

Dýravelferð- og smitvarnir - Lyf, lyfjageymsla og lyfjaskráning